

Berist til bæjarstjórnar Garðabæjar

Efni: Skólalóð Álftanesskóla

Óskað er eftir því að sveitarfélagið Garðabær taki til skoðunar bænaskjal frá Grunnstoðum er lagt var fyrir bæjarstjóra í maí 2021 vegna framkvæmda á skólalóðinni við Álftanesskóla. Í fyrrnefndu bænaskjali var farið yfir þau svæði á skólalóðinni sem voru og eru í lamasessi og önnur sem eru börnum hreinlega hættuleg. Nú þegar hafa orðið smávægileg slys á börnum og er afar einbeittur vilji foreldra fyrir því að aðstaðan verði bætt.

Sveitarfélagið Garðabær stendur sig afar vel gagnvart sínum íbúum í mörgum þjónustupáttum og ber raunar af í flestum þeirra. Vitað er til þess að vilji sé fyrir því að standa vel að þessum málum einnig en margir eru um hituna. Mikilvægt er þó að huga að öryggi barna okkar og lagfæra án tafar nokkur atriði til að forðast frekari og alvarlegri slys.

Aðstaðan í kringum Frístundina er það sem laga þyrfti sem fyrst svo fleiri og/eða alvarlegri slys verði ekki, enda er þetta að hluta til leiksvæði 1.-4. bekkjar. Fylla þarf uppí mjög stóran skurð sem er tilkominn vegna framkvæmdanna fyrir utan skólalóðina og er sá skurður mjög vinsæll leikstaður. Skurðurinn er djúpur og fyllist af vatni er rignir sem býður hættunni heim. Skurðurinn er einnig fullur af stórgrýti sem hefur orsakað þessi minniháttar slys á börnum.

Óskað er eftir því við Garðabæ að þetta svæði sé lagað þannig að það verði hættulaust, skurðinum lokað og svæðið hreinsað af grjóti. Hér meðfylgjandi eru nokkrar myndir málinu til stuðnings sem sýna bersýnilega hversu hættulegt svæðið í kringum skólann er.





Aðrar framkvæmdir eru ekki síður mikilvægar og er óskað eftir því við Garðabæ að þær fari á fjárhagsáætlun og að skólanum og foreldrum verður gefinn upp tímarammi fyrir framkvæmdirnar. Gæta þarf jafnræðis í aðstöðu skóla innan Garðabæjar og til samanburðar eru nokkrar myndir hér fyrir neðan sem sýna dæmi um útisvæði við Flataskóla, Sjálandsskóla og Hofstaðarskóla. Þessar myndir draga greinilega fram hversu illa svæðið við Álfthanesskóla kemur út úr samanburði við aðra skóla í sveitarfélaginu.





Málinu til stuðnings er hér yfirlýsing frá skólastýru Álftranesskóla og forstöðukonu Frístundar.

Upplýsingar um ástand skólalóðar Álftranesskóla

Jarðvegur skólalóðarinnar er í lélegu ástandi m.a. er á lóðinni fótboltavöllur sem er ónothæfur, þar sem á honum er gróft undirlag og er því ekki notaður af nemendum. Við hliðina á vellinum er aparóla sem nýtist illa þar sem enginn halli á henni, er hún því sjaldan eða aldrei notuð. Þetta svæði er nánast helmingur skólalóðarinnar. Eftir framkvæmdir við nýbygginguna varð eftir mikið af grjóti og mól kringum skólann. Á lóðinni myndast pollar og drullusvað þegar rignir. Þá er Battavöllurinn ónýtur og körfuboltavöllurinn hallar og malbik er lélegt. Leiksvæði yngstu barnanna er í sæmilegu ástandi.

f.h. stjórnar Álftranesskóla og Frístundaheimilisins
Erna Ingibjörg Pálsdóttir
Auður Hallgrímsdóttir

Þessi beiðni er send með hlýhug og mikilli von um að Garðabær taki málið í sínar hendur og girði strax fyrir það hættusvæði á skólalóðinni við Álftranesskóla sem er lýst og sést á myndum hér að framan og taki síðan beiðnina áfram á fjárhagsáætlunarfund sveitarfélagsins varðandi frekari nauðsynlegar framkvæmdir.

Það eru 390 nemendur í Álftranesskóla og hér er linkur á undirskriftarlista foreldra málinu til stuðnings. Þegar þessi beiðni er send eru þegar komnar 301 undirritanir eða 76% af fjölda nemenda sem sýnir hve mikilvæg þessi beiðni er í okkar samfélagi á Álftranesi.

[https://www.change.org/p/gar%C3%B0ab%C3%A6r-lagf%C3%A6ring-%C3%A1-sk%C3%B3lal%C3%B0-%C3%A1lftranessk%C3%B3la?recruiter=1173838498&utm_source=share_petition&utm_medium=facebook&utm_campaign=share_petition&recruited_by_id=32c085d0-54d4-11eb-8127-6dee5a945ebd&utm_content=fht-31189422-en-us%3A2](https://www.change.org/p/gar%C3%B0ab%C3%A6r-lagf%C3%A6ring-%C3%A1-sk%C3%B3lal%C3%B3%C3%B0-%C3%A1lftranessk%C3%B3la?recruiter=1173838498&utm_source=share_petition&utm_medium=facebook&utm_campaign=share_petition&recruited_by_id=32c085d0-54d4-11eb-8127-6dee5a945ebd&utm_content=fht-31189422-en-us%3A2)

Með virðingu og fyrirfram þökkum

F.h Foreldrafélags Álftranesskóla
Eva Dögg Guðmundsdóttir
Formaður